Hafnarfjörður 17. November 2020

Sem einn af tveimur fulltrúum foreldra í starfshóp um sumaropnun leikskóla, en ekki fulltrúi í stjórn foreldraráðs vil ég koma á framfæri eftirfarandi.

Sem rökstuðningur minn með vali mínu á tillögu B. En tillaga B er svohljóðandi: „ Óhefðbundið leikskólastaf í júlí, fastráðið starfsfólk tekur frí frá mai-sep. Sumarstarfsfólk úr vinnuskóla 18 ár og eldri er ráðið inn miðað við fjölda barna. Fjöldi starfsmanna sem eru í fríi hverju sinni fer eftir því hve mörg börn eru skráð hverju sinni“.

Sem hluti af þrýstihóp á bæjaryfirvöld um aukið val og frelsi foreldra til að taka sumarfrí með börnunum sínum og sem foreldri leikskólabarns sett ég upp facebook hóp með foreldrum leikskólabarna í Hafnarfirði. Þar voru röksemdarfærslur foreldra sem voru ýmist með eða á móti hugmyndinni um sumaropnun. Það sem einkenndi röksemdarfærslur beggja hópa og er ástæða mín fyrir vali á tillögu B er það öryggi sem er til staðar fyrir barnið þegar það þekkir starfsmann af leikskólanum. Barnið sé ekki skilið eftir eitt með 18 ára eða eldri starfsmanni vinnuskólans og verkefnastjóra sem það þekkir ekki. Þannig væri hægt að tryggja að barnið væri með manneskju sem það þekkti fyrir og treysti. Að sama skapi þarf þessi þjónusta að vera í boði fyrir alla foreldra og þurfa börn með sérþarfir að reiða sig á starfsfólk sem þekkir inn á sérþarfir og hefur sérþekkingu á því sviði. É tel að ef tillaga A yrði valin yrði sumaropunin illa nýtt en foreldrar vilja síður ekki skilja börnin eftir hjá hverjum sem er. Það var einnig hávær krafa foreldra að faglært starfsfólk eða starfsfólk með mikla reynslu yrðu á staðnum. Ég tel að með tillögu B verði nýtingin á þessum valkosti í hámarki og hún verði“raunverulegt“ svar tið ákalli foreldra um val á sumarfrí fyrir börnin sín með fagfólki eða reynslu miklu fólki af leikskólanum. Ég tel að leikskólar geti eins og fleiri vinnustaðir með mjög sérhæfða þjónustu veitt starfsfólki sínu frí, kannski ekki alltaf á óskatíma, en þar er eins og gengur og gerist í öðrum stéttum í samfélaginu, annars værum við ekki hér. Það er full trú mín að þegar upp er staðið verður Hafnarfjarðarbær með enn betri þjónustu við barnafólk og ánægt starfsfólk leikskóla sem getur tekið frí sitt yfir nokkurra mánaða tímabil í stað þess að fara alltaf í frí í júlí.

Ég óska eftir því að það komi fram að í umsögn stjórn foreldraráðs, þar sem í sitja þrír fulltrúar sem allir koma frá leikskólanum Álfabergi, eru önnur sjónarmið en undirrituð hefur . Stjórn foreldraráðs endurspeglar því ekki að mati undirritaðra þverskurð hafnfirskra foreldra. Að lokum vil ég þakka fyrir það tækifæri sem ég fékk til að taka þátt í vinnu við útfærslu á sumaropnun leikskóla í Hafnarfirði .

Virðingarfyllst

Helga Reynisdóttir